

Nd.

253. Nefndarálit

[32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar vitamálastjóra um það. Felur frumvarpið í sér þá breytingu eina frá gildandi lögum, að lánsheimild hækkar úr 15 millj. kr. í 70 millj. kr., og mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins. Jafnframt hefur þótt rétt, að sams konar breyting yrði gerð á lögum um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, og flytur nefndin frumvarp þess efnis á þskj. 252.

Alþingi, 8. febr. 1963.

Birgir Finnsson, Matthias Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson.
form., frsm. fundaskr.

Gísli Guðmundsson. Pétur Sigurðsson.